

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Alþingi 17.5.2016

Málsnr.: 1603135

Málalykill: 0344

Framhald v/umsagnar minnar frá 10. apríl s.l.
Þingskjal 1017 – 615. mál.

Á 140. Löggjafarþingi 2011-2012 var fyrst lagt fram frumvarp til laga um svokallaða Endurupptökunefnd.

Í umsögn Ríkissaksóknara frá 17. nóv. 2011 er mælt með því að um málið fjalli innlendir sérfræðingar, s.s. *réttarfarsnefnd!*

Í umsögn ákærendafélags Íslands 14. nóv. 2011, er sömuleiðis bent á að leita til *réttarfarsnefndar!*

Mál þetta var svo endurflutt á 141. löggjafarþingi og m.a. var starfsmanni *réttarfarsnefndar*, Benedikt Bogasyni (einnig dómara) send beiðni um umsögn.

Í umsögn Ákærendafélags Íslands 1. okt. 2012, er tekið fram að fyrsti flutningsmaður hafi notið aðstoðar *réttarfarsnefndar* og Innanríkisráðuneytisins.

Formaður *réttarfarsnefndar* var og er Eiríkur Tómasson, núverandi Hæstaréttardómari og starfsmaður nefndarinnar síðan 1997 er Benedikt Bogason, einnig Hæstaréttardómari.

Báðum hefur verið hælt í hástert fyrir yfirburðapekkingu í lögum og fyrir liggur að Benedikt Bogason hefur samið lagafrumvörp í tugavís.

Greinargóða lýsingu á framgöngu lagasmiðsins Benedikts í húsum Alþingis er að finna í grein í MBL 14.07.2012 undir yfirskriftinni „Eru alþingismenn skósveinar hæstaréttardómara?“

Á fund allsherjar- og menntamálanefndar 28. nóv. 2012 mætti svo Eiríkur Tómasson, form. *réttarfarsnefndar* og svaraði spurningum nefndarmanna.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur það skýrt fram að við samningu frumvarpsins, hafi fyrsti flutningsmaður notið aðstoðar *réttarfarsnefndar* og innanríkisráðuneytisins.

Í nefndaráliti 24. jan. 2013, er tekið fram að nefndin hafi fengið á sinn fund Eirík Tómasson f.h. *réttarfarsnefndar!*

Þann 30. jan. 2013 var svo frumvarpið samþykkt með 46 samhljóða atkvæðum

(1 í fjarvist og 16 fjarverandi).

Með dómi Hæstaréttar 25. feb. s.l. nr. 628/2015 var svo svikamyllan afhjúpuð!

Lagaákvæðin um endurupptökunefnd eru hreinn bastarður, sjá Ragnar H. Hall hrl. og andstæð meginreglu 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Ráðgjafarnir í Hæstarétti, Benedikt og Eiríkur, höfðu greinilega yfirumsjón með frumvarpssmiðinni og afleiðingin - Alþingi og þjóðin höfð að fíflí.

Hefði Alþingi samþykkt frumvarpið samhljóða ef Alþingi hefði ekki treyst ráðum ráðgjafanna, þ.e. Benedikts og Eiríks fullkomlega?

Þeim hefur jú báðum verið hælt í hástert fyrir yfirburðapekkingu í lögum!

Efalaust út á það, tókst þeim að hafa Alþingi að fíflí og koma í gegn um þingið lagafrumvarpi sem var hreinn bastarður!

Í Hæstarétti sitja svo þessir menn í þagnarskjóli.

Nú liggur fyrir Alþingi nýtt frumvarp um dómstóla og mun þá Alþingi aftur verða fíflað af ráðgjöfunum í *réttarfarsnefnd*, eða mun Alþingi rísa upp og afþakka ráðgjöf óheilindamanna og taka alfarið í sínar hendur smíði lagafrumvarpa?

Væri þá ekki rétt að byrja á því að fella úr gildi nú þegar áður nefndan bastarður um Endurupptökunefnd og þjóða síðan öllum sem leituðu til nefndarinnar með beiðni um endurupptöku, raunhæfa endurupptöku, t.d. erlendis - mannréttindi hefur oft en ekki þurft að sækja til útlanda - eða er ekki svo?

Væri svo ekki réttast í framhaldinu að leggja niður núverandi Hæstarétt, lagasetningarvaldið er hjá Alþingi ekki dómurum, og stofna í framhaldinu t.d. nýjan Æðstarétt?

Væri þá ekki nauðsynlegt að leita eftir ráðningu erl. dómara a.m.k. að hluta til, í því skyni að komast út úr klíkuskapnum og úrkynjunni?

Ætlar Alþingi að una því að Hæstiréttur sé þagnarskjól fyrir óheiðarlega lagasmiði sem telja það sitt helsta hlutverk að hafa Alþingi og þjóðina að fíflí?

Gætum að því að Alþingismenn sækja umboð sitt til fólksins í landinu og því ber Alþingi að gæta að því að skipa svo lögum að almenningur sé ekki berskjaldaður fyrir geðþóttadómum frá hendi manna í dómahlutverki.

Manna sem í reynd bera enga ábyrgð á sínum gjörðum, ekkert eftirlit er með þeirra verkum og svo komast þeir upp með það að þegja og þegja og þegja.

Er ekki orðið vel tímabært að Alþingi opni á þeim munninn með einfaldri lagasetningu og geri þeim um leið að bera fulla ábyrgð á gjörðum sínum og misgjörðum?

Eins og áður hefur verið bent á, þá er skipun dómsmála í höndum Alþingis og Alþingi ber fyrst og fremst að gæta að því og tryggja eins og kostur er, að dómara níðist ekki á borgurum sem reyna að bera hönd fyrir höfuð sér.

Er Hæstaréttardómur nr. 93/2014, 27. nóv. 2014 ekki eitt subbulegasta dæmið í seinni tíð um níðingsverk dómara, og það gagnvart hálf níræðri konu?

Mál þetta var flutt í Hæstarétti í okt. 2014 fyrir þriggja manna dómi. Að máflutningi loknum tilkynnti Hæstiréttur að flytja ætti málið aftur og þá fyrir *sérvöldum* fimm manna dómi!

Hvers vegna þurfti að sérvelja menn til þess að snúa niður 85 ára gamla konu og skilja hana eftir eignalaus!

Getur verið að allir þessir fimm menn séu afkomendur Þorgeirs Hávarssonar?

Formaður dómarafélags Íslands hefur bent á að það sé ekki á valdi *dómstjóra* að taka mál af dómara þegar búið er að úthluta honum því!

Ég vil því hvetja Alþingismenn til þess að kynna sér þetta subbulega mál til hlýtar og gæta vel að því hverjir voru valdir til þess að níðast á þessari gömlu konu og hver eða hverjir völdu þá.

Er þetta birting á úrkynjun og siðspillingu á yfirsnúningi í Hæstarétti - eða hvað?

Það er ekki sársaukalaust að horfa uppá svona fantaskap gagnvart gamalli konu, en ekki má víkjast undan því að vekja athygli á þessu og ég tel að Alþingi geti helst brugðist við og verði beinlínis að bregðast við (ráðherra hefst ekki að).

Níðingsverk gagnvart gömlu fólki má aldrei líða í samfélagi sem vill telja sig siðmenntað.

Eðlileg viðbrögð væru að ríkið bætti gömlu konunni tjónið vegna misgjörða Hæstaréttar með setningu sérlega þar um.

Er „Breiðuvíkin“ í Hæstarétti ekki verri ef eitthvað er?

Að lokinni ítarlegri skoðun Alþingis á máli þessu, vil ég trúa því að uppi verði meiri og betri skilningur hjá Alþingismönnum á því að brýnt sé að leggja niður núverandi Hæstarétt í heilu lagi.

Það er jú ekki óþekkt á Íslandi að heilar stofnanir séu lagðar niður með einfaldri lagasetningu.

Þá vil ég enn og aftur minna á orð Björns Bjarnasonar fyrrv. dómsmálaráðherra í þá veru, að val á dómurum í Hæstarétt að undanfögnu beri öll einkenni innræktunar og þjóði því uppá úrkynjun!

Það er því ekki seinna vænna fyrir Alþingi að bregðast skjótt við og spyrja, er hið umrædda frumvarp um dómstóla vel til þess fallið að uppræta úrkynjunina?

Þá vil ég enn og aftur minna á að fyrrverandi hæstaréttardómari hefur ítrekað bent á, að í Hæstarétti sitji maður í dómarasæti sem gerst hefur brotlegur bæði gagnvart lögum og stjórnarskrá.

Er það boðlegt í nútíma réttarríki að æðsti dómstóll landsins sé skjól fyrir skálka?

Því miður hefur ekki orðið vart við nein viðbrögð frá hendi ráðherra dómsmála.

Alþingi hefur lagasetningavaldið og áður hefur það gerst að sett hafa verið neyðarlög.

Eigum við að trúa því að Alþingi uni því að í æðsta dómstóli landsins sitji maður sem virðir hvorki lög né stjórnarskrá?

Er það bara almenningur sem á að virða lögin og stjórnarskrána?

Hf. 13. maí 2016.

Virðingarfyllst,


Kristleifur Indriðason

Hjál. ljósrít

....Áfellingisdómur yfir samdómara JSG.

....Endurupptökunefnd - hvað er nú það? RHH.

....Eru alþingismenn skósveinar hæstaréttardómara? VB.

2/6/2016

Pressan.is

Þriðjudagur, 21. ágúst 2012

234. tbl. 4. árg

06. feb. 2016 - 10:06 Jón Steinar Gunnlaugsson

Áfellingdómur yfir samdómara

Sumarið 2014 urðu umræður í blöðum um dómaraverk Benedikts Bogasonar, nú hæstaréttardómara, meðan hann var ennþá „bara“ héraðsdómari. Þá hafði hann látið lögreglunni í té dómsúrskurð sem heimilaði símhlustun hjá manni sem var verið að sleppa úr gæsluvarðhaldi. Það var eins og lögreglan hefði viljað heyra manninn segja eitthvað í símann sem hann hefði ekki viljað skýra henni frá á grundvelli reglunnar um að sökuðum mönnum sé heimilt að neita að svara spurningum lögreglu. Heimildin virðist hafa verið auðfengin hjá Benedikt héraðsdómara.

Í dómi Hæstaréttar s.l. fimmtudag í máli Landsbankamanna segir m.a. svo í forsendum:

„Aftur á móti eru meðal málgagna upptökur af símtölun og öðrum samskiptum ákærðu við aðra skömmu eftir að þeir höfðu gefið skýrslu hjá lögreglu þar sem þeir höfðu réttarstöðu sakborninga og var því óskyldt að svara spurningum varðandi refsiverða hegðun, sem þeim var gefin að sök, sbr. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 88/2008. Með því að hlusta á símtöl ákærðu við þessar aðstæður, þótt það væri gert á grundvelli dómsúrskurða, var brotið gegn rétti þeirra til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttinasáttmála Evrópu.“

Þá höfum við það. Benedikt hæstaréttardómari braut gegn rétti sakbornings til réttlátrar málsmeðferðar með sjálfsafgreiðslu á beiðni lögreglu til að mega hlusta á síma hans við þessar aðstæður.

Jón Steinar Gunnlaugsson lögfræðingur

ingu áður. Eftir fjáringunum þannig
sannarlega frumkvæðis stjórnvalda og
atvinnulífs en ekkert síður sameigin-
legs skilnings á verkefnum.

Jöfnuður meiri en nokkru sinni áður

Í nýútkomnum félagsvísunum fyrir 2015 kemur fram að Gini-stuðullinn, sem mælir hvernig samanlagðar tekjur allra einstaklinga í landinu dreifast, hefur ekki verið lægri síðan mælingar hófust árið 2004. Bilið milli tekjuhæstu og tekjulægstu Íslendinga hefur minnkað og einstaklingar undir lágtekjumörkum hafa aðeins einu sinni áður mælst færri síðan mælingar hófust.

Lífskjör – Ísland í 4. sæti

Ef tekið er mið af lífsskjaramælikvarða SPI-vísitölunnar (Social Progress Index) er Ísland í fjórða sæti. Fyrir ofan Ísland á þessum lista eru Noregur, Svíþjóð og Sviss. Þessi félagslega þróunarvísitala er dæmi um breytta nálgun þar sem ekki er einblint á einhlítan hagvaxtarmælikvarða. Lífskjör og verðmætasköpun eru meðal annars metin út frá grundvallarþörfum, almennri velferð, aðgengi að velferðarkerfum og tækifærum einstaklinga til að vaxa og dafna.

Lægri skattar og aukinn stuðningur Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs hefur

byrðar en hefur með sameiginlegu átaki náð vopnum sínum. Flestir hagvísar eru nú jákvæðir: aukinn hagvöxtur, minna atvinnuleysi, verðstöðugleiki, aukinn tekjujöfnuður, lækkandi skuldir þjóðarþúsins og lausn á greiðslufjarnaðarvanda þar sem erlend staða þjóðarþúsins hefur ekki verið betri síðan á síðarárnum! Aukinn kaupmáttur og ráðstöfunargeta sem skilar sér í auknum ávinningi í atvinnulífinu. Á sama tíma og við erum að komast í betri stöðu til þess að efla velferðarkerfið og auka jöfnuð þá berast okkur fréttir um ofurbónusa fátta, hlutabréfakaup útvalinna, himinháar arðgreiðslur og já, jafnvel arðgreiðslur umfram hagnað!

Gagnkvæmur skilningur?

Stjórnendur fyrirtækja bera mikla samfélagslega ábyrgð ekkert síður en gagnvart eigendum. Það er skilningur á því að eigendur njóti arðs af fjárfestingum og stjórnendur hljóti umbun fyrir erfiðar ákvarðanir. En um leið þurfa þeir að geta lesið í samfélag sitt. Ef ekki ríkir gagnkvæmur skilningur stjórnvalda og stjórnmenda í atvinnulífinu á efnahagslegum áskorunum um framleiðni og aukinn jöfnuð, rofnar hin samfélagslega sátt. Niðurstaðan verður í besta falli brestur á dómgreind eða hrein græðgi.

lagt til, hefur í för með sér bætt kjör fyrir stóran hóp lífeyrisþega.

Það er hins vegar rétt hjá honum að grunnupphæð sem lagt er upp með í tillögunum er sú sama og gildir eftir 1. janúar sl. eða 246.902 kr á mánuði fyrir þá sem búa einir og hafa heimilisuppbót. Þessi upphæð gildir eftir 9,7% hækkun 1. janúar sl. Þetta gildir um þá sem hafa engar aðrar tekjur sér til framfærslu en lífeyri almannaþrygginga. Það á hins vegar við afar fáa eldri borgara, því flestir þeirra eru að fá einhvern lífeyri úr lífeyrissjóðum.

Það hefur undanfarin ár verið gagnrýnt af mörgum, m.a. bæði af mér og Björgvin, að ef fólk hefur t.d. 70.000 kr. úr sínum lífeyrissjóði þá

við um atvinnutekju samband eldri borgur bókun með tillögur fritekjumark hvað

Með sveigjanleg hækkun lífeyralskapa hvata til við heilsu og löngun til fyrir hendi fjárhags markmið um sjálft

Hækkun með nýju

Með nýju tillögur sem hafa 70.000 kr uði úr lífeyrissjóði krónur 31.958 ef þe og eru ekki með h 28.578. kr. ef þeir með heimilisuppl

Tillaga að frum er ekki frumval



Ari Trausti Guðmundsson náttúruvísindamaður og áhugamaður um þjóðmál

voru (og eru) marg allri samtaka- og fél fundum, netvæðing málaflökka. Alþingi rúmt ár nema til d ríði. Í október 2012 beinandi en því mi þjóðaratkvæðagrei stjórnlagaráðs.

Endurupptökunefnd – hvað er nú það?



Ragnar Halldór Hall lögmaður

ed lögum nr. 15/2013 var bætt inn í dómstólalög kafna um sérstaka nefnd sem taka skyldi ákvarðanir um hvort mál sem lokið hefur verið fyrir dómstólum skuli endurupptekin. Tilsvarendi ákvæðum var bætt inn í lög um meðferð einkamála og sakamálalög. Nefndin sem hér var sett á fót heitir endurupptökunefnd. Í lögnum segir að hún sé sjálfstæð og óháð stjórnsýslunefnd sem taki ákvörðun um hvort mál skuli endurupptekin. Þar segir enn fremur að fallist nefndin á að mál skuli endurupptekið sé viðkomandi dómur fallinn úr gildi og að nýr dómur skuli þá ganga í málinu, en hafni nefndin beiðni sé sú úrlausn endanleg og verði ekki borin undir dómstóla.

Með dómi Hæstaréttar 25. febrúar 2016 voru lagareglur um endurupptökunefnd til skoðunar í máli þar sem nefndin hafði fallist á endurupptökubeiðni. Niðurstöður dómsins voru afdráttarlausar um eftirfarandi atriði:

• Ákvæðin um að endurupptökunefnd ákveði hvort mál skuli endurupptekin fara í bága við ákvæði 60. gr. stjórnar-

skrárinnar. Hvað sem líði niðurstöðu nefndarinnar um hvort skilyrði endurupptöku væru uppfyllt tæki dómurinn það sjálfstætt til skoðunar hvort lög hefðu „með réttu“ staðið til þeirrar niðurstöðu sem nefndin hafði komist að í málinu. Dómurinn taldi að svo hefði ekki verið, og er sú niðurstáða rökstudd í allöngu máli í dómnum.

• Lagaákvæði sem kveða á um að nefnd sem heyrir undir framkvæmdarvald ríkisins geti fellt úr gildi úrlausnir dómstóla séu einnig andstæð meginreglu 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrískiptingu ríkisvaldsins og séu þess vegna ekki gild réttarheimild.

Lagaákvæðum um endurupptökunefnd var á sínum tíma ætlað að taka þann kaleik frá dómstólum að þeir taki ákvörðun um hvort mál skuli endurupptekin. Sú viðleitni hefur farið út um þúfur og lagaákvæðin um nefndina eru því hreinn bastarður. Hér var því verr af stað farið en heima setið.

Spurningunni í fyrirsögn hér að ofan hljóta menn að svara þannig að endurupptökunefnd sé eingöngu umsagnaradili um hvort rétt sé að fallast á endurupptökubeiðni. Jafnframt sýnist ljóst af efnistöku Hæstaréttar að fallist nefndin ekki á slíka beiðni geti viðkomandi adili látið reyna á synjunina í almennu dómsmáli með vísan til 60. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt þessu öllu er ljóst að tilraunabúskapurinn með endurupptökunefnd hefur algerlega farið út um þúfur.

rafan um breytt vinnubrögð við stjórnun landsins, breytingar í efnahagsmálum og réttlátari skiptingu fjármuna er öflug. Hún hefur lengi verið uppi en sjaldan sterkari en eftir kollsteypuna 2008. Mjög margir sjá breytingar á stjórnarskránni sem mikilvægan lið í því, ég þeirra á meðal. Þess vegna mátti fagna verkefnum sem síðasta ríkisstjórn efndi til: Endurskoðun allrar gömlu stjórnarskrárinnar og gerð nýrrar. Góður þjóðfundur 2010 og snörp lota þjóðkjörins stjórnlagaráðs skiladi af sér hæfri tillögu að frumvarpi að nýrri stjórnarskrá í 114 greinum, auk skýringa, í lok júlí 2011. Eigum við ekki að ræða allt málið æsingalaust?

Gagnrýni er góð

Vinnubrögðin við endurskoðunarferlið voru gagnrýnd. Í sjálfu sér ekki störf ráðsins, meðan það vann í tæpa fjóra mánuði, heldur flýtirinn: Hraður undirbúningur að kosningu stjórnlagabings (-ráðs sem svo varð), stutt seta þess og svo skortur á skipulagðri umræðu vilt og breitt í samfélaginu eftir að tillagan lá frammi. Ég gagnrýndi vinnulagðið og sá fyrir mér bæði hægari og djúptækari vinnubrögð. Nóg var líka um greinar, af þessum 114, til að ræða og gagnrýna eftir framkomna tillögu. Sérfræðingar, t.d. í lögum, höfðu margt við tillöguna að athuga.

Stjórnvöld höfðu síðan ekki frumkvæði að, og forystu fyrir, að virkja almenning til þátttöku í meðhöndlun tillögunnar eins og þeim bar í landi með þingbundnu lýðræði. Til þess

Um hvað var kosti

Valkostirnir um hæ fyrsti snerist um h þykkti eða hafnað væri lögð til grun að nýrri stjórnarskrá verið að samþykkt stjórnarskrá né ti heldur grundvelli Alþingi átti (og á) þeirri vinnu hefði alveg eins og tillög eða mikið breytt. e innan og utan þir skv. gildandi stjórn þessu fór fram ein: fimm valkostina í a muna flestir. Hvað rýni leið tók ég þ nær öll já-in, allr 1, en varð fyrir úrslitin.

Af 236 þúsund k þúsund þátt og var eftir kjördærum. kosning og ljós úrs viðtæk þegar um samfélagsins og k er að ræða. Fyrst þykktu 73 þúsund þriðjungur atkva Vissulega meirihl hlutfallstalan 32% almennum stuðn heild. Hvers vegn: ekki betri en rauni

Lurða í áhrifamó

Við tók tímabil að semi og lokaðs i

Eru alþingismenn skósveinar hæstaréttardómara?

Eftir Vilhjálmur Bjarnason



Vilhjálmur Bjarnason

Hvar er þrískipting valdsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómvald eins og svo oft er vitnað í að sé virkt hér á landi. Inni á vef Alþingis, Skólapingi, stendur m.a.: „Dómsvald er í höndum dómara og er aðgreitt dómvaldsins.“

Þetta löggjafar- og framkvæmdarvald grundvallaratriði fyrir réttaröryggi í landinu“.

Hátt getur venjulegur fjölskylduadur gert þegar bankinn er búinn að gera fjölskylduna gjaldþrota og búinn að taka heimilið af sex manna fjölskyldu hans á grundvelli ólöglegra lána. Við hjónin höfum ákveðið að gefast ekki upp.

Það sem ég rek hér á eftir er að mínu mati skýrt brot á þeim lögum og reglum sem um þrískipting valds gilda og mun ég fara með þetta mál eins langt og með þarf til að fá leiðréttingu á þessu broti á grundvallarreglum þjóðfélagsins. Raunar sé ég ekki annað en þetta mál geti ekki verið tekið fyrir af dómstólum héraðs og vegna aðildar héraðsdóms, Hæstaréttar og Alþingis að því. Kannski þarf því að fara langt í t.d. Evrópu dómstólinn eða Mannréttindadómstól Evrópu.

Breytingartillögur til hagsbóta fyrir heimilin teknar út

Sagan byrjar fyrir rúmum tveimur árum hvað mig varðar, en til að gera langa sögu stutta þá fjalla ég hér bara um 18. og 19. júní sl. Hinn 18. júní sl., næststíðasta dag þingsarfa 140. löggjafarþings fyrir sumarfrí, lagði Magnús M. Norðdahl varapingmaður með fulltingi þingkvennanna Margrétar Tryggvadóttur og Eyglóar Harðardóttur fram breytingartillögu við aðra umræðu í þingskjali 1589 vegna þingsmáls 716 sem fól m.a. í sér eftirfarandi réttarbætur fyrir hundruð ef ekki þús-

undir fjölskyldna. Í 2. grein sagði m.a.: „Án tillits til þeirra fresta sem greindir eru í 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, getur protamaður, þrátt fyrir að útivist hafi verið af hans hálfu, krafist endurupptöku gjaldþrotarárskurðar í máli þar sem skiptum á búi hans er ekki lokið,

» Dómsvaldið stjórnar löggjafarvaldinu, þrískipting ríkisvaldsins er þverbrotin.

enda leiði hann líkur að því að greiðsluferðleika hans sé að rekja til gengistryggðra lána. Ákvæði þetta gildir til loka árs 2013. Ákvæði þetta á ekki við um lögáðila.“

Ög í 3. grein sagði m.a.: „Protamanni er heimilt að leita úrlausnar héraðsdómara um gildi sölu fasteignar samkvæmt ákvörðun veðhafafundar til fullnustu kröfu sem er umdeild í ljósi hæstaréttardóma um lögmæti og endurreikning gengistryggðra lána, enda hafi kaupandi jafnframt verið eigandi hinnar umdeildu kröfu og hann er eigandi upphöfðsandiags. Að kröfu protamanns er sala til fullnustu kröfu samkvæmt framansögðu ógild. Ákvæði þetta gildir til loka árs 2013.“

Í atkvæðagreiðslu um ofangreindar tvær breytingartillögur voru þær samþykktar á seinasta degi þingsins hinn 19. júní síðastliðnum klukkan 18.35 eins og sjá má í þingskjali 1644. Þar með var löggjafarvaldið og Alþingi búið að samþykkja tillögurnar í atkvæðagreiðslu á hinu háa Alþingi.

Í framhaldi af þessu var málið sent aftur í Allsherjar- og menntanefnd fyrir þriðju umræðu sem fram fór seinna sama dag. Á þann fund stormar inn starfandi hæstaréttardómari við Hæstarétt

Íslands, Benedikt Bogason, sem jafnframt er starfsmaður réttarfarsnefndar og krefst þess að þessar breytingartillögur sem þingmenn voru nýbúinir að samþykkja, verði teknar út úr lagafrumvarpinu og sagði þær valda óvissu. Málið snérist samt auðvitað um að leiðrétta þá óvissu og það réttarfarslega slys sem komið var fram og fól m.a. í sér að fjármálastofnanir gerðu fólk gjaldþrota og tóku heimili fjölskyldu þess á ólöglegam gjörningum. Meirihluti allsherjar- og menntanefndar. fer þá í það fyrir hönd löggjafarvaldsins að hlýða dómsvaldinu og semur nýja breytingartillögu í þingskjali 1651 sem felur m.a. í sér að þessar tvær nýsamþykktu réttarbætur fyrir þær fjölmörgu fjölskyldur sem hefðu getað nýtt sér þær eru felldar í burtu að kröfu dómsvaldsins.

Þessi breytingartillaga í þingskjali 1651 er svo samþykkt á lokamínútu þingsins, klukkan 23.29 hinn 19. júní, og einni mínútu seinna eru löginn svo samþykkt í þingskjali 1664 og eru nú lög númer 72/2012, án þessara réttarbóta fyrir almenning! Gott ef þetta var ekki síðasta málið sem þingmenn tóku fyrir áður en þeir fóru heim í sumarfrí. Vonandi eru þeir, sem samþykktu að taka þetta út, stoltir af þessu verki sínu. Eg vil taka fram að ég er ekki að setja út á þær réttarbætur sem þó fóru inn í löginn og þakka varapingmanninum Magnúsi M. Norðdahl sérstaklega fyrir hans baráttu ásamt Eygló Harðardóttur og Margrétu Tryggvadóttur og Lilju Mósesdóttur fyrir stuðninginn.

Ríkisstarfsmaður stjórnar kjörnum fulltrúum almennings

Nú auglýsi ég hér með eftir lögfræðingi sem er tilbúinn að vinna fyrir mig vegna almannahagmuna, eða „pro bono“ eins og það heitir víst á lögmannamáli. Raunar sé ég ekki betur en sá sem tæki þetta að sér fái málskostnaðinn greiddan, því að mínu mati er ég með unnið máli. Ástæða þess að ég vil kæra þetta sjálfur persónulega er sú að þessar réttarbætur í formi endur-

upptökuheimilda, sem þó hefi verið reynt að innleiða, fyrst ónothæfu tímabundnu endurupptökuheimildunum sem voru lögum 151/2010 og svo nú þær hér um ræðir, hafa báðar komið fyrir mína tilstilli vegna sérkráttu minnar á málefnum. Fyrir með umsögnum sem ég setti ásamt fleirum í Hagsmunasamtökum heimilanna í aðdraganda samþykktar laga 72 með umsögn minni frá 16. maí fundum með HH fyrir nefndu þingis, tölvupóstsendingum og samtölum við þingmenn o.fl. Í sérkunnáttu mín kemur svo ekki til af góðu en ef hún leið endanum til þess að sá stóri þingmaður sem hér um ræðir fái sanngja og nauðsynlega bót sinna mál heimili sín aftur þá er ég sátt það hafi tekið alltof langan tír alltof mörg tár hjá alltof mörgu fjölskyldum.

Það sem ég tel að þurfi að er í raun málsmeðferðin öll. Er að nefna Alþingi sem löggjafarvaldið, að það skuli hafa leyft dómsvaldinu í skötulífi réttarfarsnefndar að hafa svona beiðni á sig. Og líka að kæra Hæstarétt sem dómsvaldið leyfi sér að taka fram fyrir hönd umnar á löggjafarvaldinu. Að sé nú ekki um að einum ríkisstafmanni skyldi takast að láta þá kjörna fulltrúa almennings talsgjafar réttarbætur sem þó höfðu sjálfir samþykkt nokkrum klukkustundum fyrr sama dag og hefðu orðið að lögum ef eir ríkisstarfsmaður með réttarfarsnefnd og dómsvaldið á bak við hefði ekki heimitað að Alþingi þar með löggjafarvaldið tæki út aftur og dæmt það þar með leik fyrirfram.

Það er meira að segja spur hvort framkvæmdarvaldið og vel forsetinn séu ekki líka aðili málinu. Framkvæmdarvaldið og vegna þess að réttarfarsnefnd starfar og er á forræði innan íaráðuneytisins, sem aftur stafrumbodi forsætisráðherra, og eru löggjafar-, framkvæmdarvaldsvaldið búið að blanda foranum inn í málið með því að hann skrifa undir lög sem fengu eru fram á ólöglegan hátt að mínu mati.

Ég átta mig á því að ég ræð ekki á garðinn þar sem hann lægstur en stundum þarf að g



Peninga Seðlabá

Eftir Heiðar